

Reykjavík, 13. september
2017
R17090118

Borgarráð

Starfshópur um sérstök húsnæðisúrræði

Hjálagt erindisbréf starfshóps um sérstök húsnæðisúrræði er lagt fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að hafa yfirumsjón með uppbyggingaráætlun sérstakra húsnæðisúrræða í Reykjavík og gera tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar til að mæta markmiðum hennar um fjölgun sérstakra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Erindisbréf starfshóps um sérstök húsnæðisúrræði.



ERINDISBRÉF

Starfshópur um sérstök húsnæðisúrræði

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Sérstök húsnæðisúrræði er íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. Uppbyggingaráætlun sérstakra húsnæðisúrræða í Reykjavík gerir ráð fyrir fjölgun íbúða fyrir fatlað fólk um u.þ.b. 90 til ársins 2020 og alls um tæplega 200 rými til ársins 2030 til viðbótar við þær 24 íbúðir sem núþegar eru í framkvæmdaferli. Á fundi borgarráðs þann 9. mars 2017 var uppbyggingaráætluninni vísað til vinnu við gerðar fjárhagsáætlunar og húsnæðisáætlunar.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að hafa yfirumsjón með uppbyggingaráætlun sérstakra húsnæðisúrræða í Reykjavík og gera tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar til að mæta markmiðum hennar um fjölgun sérstakra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk.

Helstu verkefni:

Gera aðgerðaráætlun þar sem verk- og tímaáætlun fyrir uppbyggingu sérstakra húsnæðisúrræða er nánar skilgreind.

Samræma undirbúning og aðgerðir mismunandi sviða og stofnanna.

Gera reglulegt stöðumat á verk- og tímaáætlun og upplýsa aðila.

Starfshópin skipa:

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir deildarstjóri húsnæðis- og búsetudeildar velferðarsviðs (formaður).

Auðun Freyr Ingvason framkvæmdastjóri Félagsbústaða hf.

Guðlaug Erna Jónsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði.

Óli Jón Hertervig, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Jenný Stefanía Jensdóttir, velferðarsviði

Starfsmaður:

Ólafía Magnea Hinriksdóttir verkefnastjóri húsnæðis- og búsetudeild velferðarsviðs.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn starfi þar til skilgreindum verkefnum hans er lokið en áfangaskýrslum eftir því sem þörf krefur, a.m.k. árlega.

Reykjavík, 13. september 2017

Dagur B. Eggertsson